



Til Skipulagsráðs

Kópavogi, 30. mars 2022  
22032524/510.03 BR

**Efni: Umsögn umhverfissviðs varðandi ósk húsfélags Kjarrhólma 2-38 um framkvæmdaleyfi vegna rafhleðslustöðva**

Á fundi skipulagsráðs þann 28. mars 2022 var erindi húsfélags við Kjarrhólma 2-38 um framkvæmdaleyfi vegna uppsetningu rafhleðslustöðva á bæjarlandi frestað og vísað til umsagnar umhverfissviðs.

Fjölbýlishúsið við Kjarrhólma 2-38 er svokallað keðjuhús með 19 stigagöngum þar sem 6-8 íbúðir eru í hverjum stigagang. Lóðarmörk hússins afmarkast af Hvannhólma í suðri, Vallhólma í vestri og göngustíg milli Hólma og Smiðjuhverfis í austri. Lóðarmörk sunnan megin afmarkast svo til við framhlið húsanna og eru bæði gangstétt framan við húsin og öll bílastæði fyrir húsið utan lóðarmarka þess, sem þýðir að lóðarhafar hafa ekki sérafnotarétt af neinum bílastæðum.

Ekki er mælt með því að leyfa almenningi uppsetningu á rafhleðslustöðvum á bæjarlandi sem yrðu einungis til einkaafnota fyrir afmarkaðan hóp þar sem með slíku væri verið að breyta almenningssvæði í einkaland og væri slík ákvörðun fordæmisgefandi.

Hentugra og eðlilegra væri að lóðarmörkun hússins yrði breytt þannig að bílastæðin, eða hluti bílastæða, yrði innan lóðarmarka enda eru stæðin nú þegar nýtt að nánast öllu leiti fyrir íbúa og gesti fjölbýlishússins.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson  
Deildarstjóri gatnadeildar